

Skipulag skólaferðalaga, vettvangsferða og útivistar

Birt með fyrirvara um breytingar

Grunnskólinn í Hveragerði hefur mótað sér skýrt verklag um undirbúning og framkvæmd ferða utan skólans þar sem öryggi nemenda er lykilatriði. Byggt er á umferðaröryggisreglum skólans en þar kemur m.a. fram að í gönguferðum sé gengið eftir gangbrautum og almennum umferðarreglum verði fylgt. Einnig kemur þar fram að nemendur noti öryggisbelti í rútuferðum o.s.frv. Sjá reglurnar [hér](#).

Skólaferðalög og vettvangsferðir

Unnið er að skipulagningu ferða í góðu samstarfi við foreldra þannig að þeir viti t.d. hvert er farið, dagskrá, lengd og hver sé tilgangur ferðar. Þá þurfa foreldrar upplýsingar um hvaða búnað börnin þurfa að hafa meðferðis. Í því samhengi bera foreldrar ábyrgð á að börnin séu klædd eftir veðri og aðstæðum.

Eftir atvikum er óskað samþykkis foreldra fyrir þátttöku barna í ferðum á vegum skólans.

Í öllum skólaferðalögum og vettvangsferðum gilda allar reglur skólans, þ.m.t. skólareglur, reglur um snjalltæki og reglur um skólasókn og ástundun en þar kemur fram að nemendur eiga á hættu að vera meinuð þátttaka í ferðum á vegum skólans ef punktar fara yfir 18. Sjá reglurnar [hér](#).

Nemandi sem ekki fer með í skólaferðalag eða vettvangsferð skal mæta í skólann til hefðbundins skólastarfs.

Heimilt er að vísa nemanda úr skólaferðalagi ef hann verður uppvís að því að brjóta reglur skólans. Við slíkar aðstæður skal senda hann heim á kostnað foreldra.

Útivist í stundatöflum

Óhætt er að fullyrða að útikennsla, það að flytja kennslu að einhverju leyti út fyrir veggj skólans, auðgi og styrki allt nám ásamt því að vera hollt fyrir bæði líkama og sál.

Það er mikilvægt að nemendur líti ekki á útivist í stundatöflum sem frímínútur enda eru óþrjótandi möguleikar til útikennslu, m.a. í falletgri útistofu skólans *Lundi* undir Hamrinum. Þá eru mjög fallegar gönguleiðir í nánasta umhverfi skólans og mikilvægt að

nemendur kynnist m.a. fjölbreyttu atvinnulífi, menningu og sögu sveitarfélagsins. T.d. eru reglulega heimsóknir árganga í Listasafn Árnesinga sem er skammt frá skólanum.

Vert er að nefna að lystigarður sveitarfélagsins er við hlið skólans. Í garðinum eru t.d. ýmis fræðsluskilti og stórt svið sem býður upp á ýmsa möguleika til kennslu.

Útivist í stundatöflum er í takti við áætlun skólans um heilsueflandi grunnskóla en þar kemur m.a. fram markmiðið að flétta heilsu og velferð saman við daglegt skólastarf. Þá er hvatt til útivistar og hreyfingar í umhverfisstefnu skólans sem segir einnig að umhverfisfræðsla verði hluti af námi allra bekkja skólans og að nemendur séu meðvitaðir um hvernig hægt er að bæta líf sitt og komandi kynslóða með því að umgangast umhverfi sitt og náttúru af tillitssemi og umhyggju.

Yfirlit

Hefð hefur verið fyrir árgangagöngum í september en þá fer hver árgangur víska gönguleið saman. Baráttudagur gegn einelti er í nóvember en þá fara nemendur um sveitarfélagið með vinakveðjur, til skiptis til heimila eða fyrirtækja. Í desember er svo vasaljósafríðarganga skólans en þá er gengið frá skólanum í útistofu skólans *Lund* undir Hamrinum. Þar er staldrað við, drukkið kakó og sungið saman.

Á vorin er Græna framtíðin sem er samstarfsverkefni skólans við Garðyrkjuskólann að Reykjum þar sem nemendur yngsta stigs sá sumarblómum, kryddjurtum og/eða öðrum plöntum í gróðurhúsi. Svo er vökvað, priklað og gróðursett og fylgst með vexti plantnanna. Nemendur fá svo að taka afraksturinn með heim áður en skóla lýkur.

4. bekkir hafa lokið yngsta stigi með því að fara í skipulagða dagsferð í maí. Árgangurinn hefur t.d. farið í Húsið á Eyrarbakka eða dýragarðinn Slakka. Eins hafa nemendur í 7. bekkjum farið undir lok miðstigs yfir nótt á Úlfjótsvatn í skipulagða dagskrá hjá Útilífsmiðstöð Skáta en þeir nemendur hafa fjáraflað fyrir ferðina með umhverfishreinsun í Hveragerði í samstarfi við bæjaryfirvöld.

Stundum hefur allt elsta stig farið í sameiginlega skíðaferð en slíkt hefur verið háð veðri og vindum. 9. bekkur hefur tekið þátt í ungmennabúðum að Laugarvatni á vegum Ungmennafélags Íslands en sú ferð er til endurskoðunar þar sem þeirri starfsemi var nýverið hætt. Loks hefur 10. bekkur farið í skólaferðalag í Skagafjörð skömmu fyrir brautskráningu úr grunnskóla.